

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag í landi Byggðarhorns, lóð nr. 10.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 13. september 2006 tillögu að deiliskipulagi á lóð nr. 10 í landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 14. ágúst 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 14. september til og með 12. október 2006 með athugasemdafresti til og með 26. október 2006.

*Deiliskipulag í landi Byggðarhorns, lóð nr. 199 834.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 8. nóvember 2006 tillögu að deiliskipulagi á lóð nr. 199 834 í landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 14. júlí 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. ágúst til og með 28. september 2006 með athugasemdafresti til og með 12. október 2006.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsáætlanirnar öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 28. nóvember 2006.*

**Bárður Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2006